

Erindisbréf

fyrir skattrannsóknarstjóra ríkisins
skv. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi
og skyldur starfsmanna ríkisins.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins. Honum ber að framfylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréf þetta.

Embættið starfar samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, reglugerð nr. 361/1995 um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda með áorðnum breytingum, lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald með áorðnum breytingum, lögum nr. 145/1994 um bókhald með áorðnum breytingum og lögum nr. 144/1994 um ársreikninga með áorðnum breytingum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal einnig fara í embættissýslan sinni samkvæmt stjórnissýslulögum nr. 37/1993, og að öðrum lögum og reglugerðum sem snerta kunna embættið eða einstaka verkefni þess eftir því sem við getur átt og aðstæður þykja leyfa hverju sinni.

Meginhlutverk skattrannsóknarstjóra er að rannsaka og upplýsa brot á framangreindum lögum með það að markmiði að draga úr skattsvikum.

Verkefni embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins er að rannsaka mál sem skattstjórar og ríkisskattstjóri vísa til hans auk rannsókna að eigin frumkvæði. Jafnframt skal skattrannsóknarstjóri ríkisins koma, af hálfu hins opinbera, fyrir yfirsattanefnd við meðferð sektarmála, semja kröfugerð í sektarmálum og reka málið fyrir nefndinni, þ.m.t. með munnlegum málflutningi ef slíkt er ákveðið. Þá skal skattrannsóknarstjóri ríkisins annast undirbúning refsimeðferðar í alvarlegri skattsvikamálum með vísun til opinberrar rannsóknar.

Skattrannsóknarstjóri og fjármálaráðuneytið vinna sameiginlega að langtímaáætlun til fimm ára í senn, þar sem stefnumótun fyrir embættið og ofangreind markmið eru nánar útfærð og skilgreind. Áætlunina má endurskoða eftir þörfum. Embættið skal halda til haga upplýsingum um aðgerðir í einstökum rannsóknarmálum svo sem endurákvæðanir opinberra gjalda, viðurlagaákvæðanir, bókaðar skýrslutökur og aðsend og útsend bréf til stofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið skal ætíð geta kynnt sér málsmeðferð einstakra mála þegar efni þykir til.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins ber ábyrgð á að rekstur embættisins og rekstrar- afkoma þess sé í samræmi við fjárlög og langtímaáætlun embættisins og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal árlega leggja fyrir fjármálaráðuneytið starfs- og rekstraráætlun sem hann sendir ráðuneytinu fyrir 15. febrúar ár hvert. Ráðuneytinu ber að taka afstöðu til áætlunarinnar fyrir 1. mars. Þar skal gerð grein fyrir hvernig helstu starfsmarkmiðum og áherslumálum yfirstandandi árs verður náð. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal fyrir 15. mars árlega leggja fram ársskýrslu sem m.a. birtir rekstrar- og

efnahagsreikning liðins árs og greinargerð um starfsemina.

Erindisbréf þetta stendur þar til fjármálaráðherra ákveður annað. Skattrannsóknarstjóri getur óskað eftir endurskoðun þessa erindisbréfs.

Fjármálaráðuneytinu, 4. nóvember 1996.

ráðherra

ráðuneytisstjóri